

Jafnlaunastaðfesting	Jafnlaunavottun
Meginmarkmiðið er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði	Meginmarkmiðið er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði
Staðfesting á því að launakerfi og framkvæmd þess mismuni ekki í launum á grundvelli kyns	Stjórnunarkerfi sem tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun
Ekki nauðsynlegt að innleiða jafnlaunastaðalinn ÍST 85	Jafnlaunakerfi fyrirtækja og stofnana vottuð í samræmi við kröfur staðalsins ÍST 85
Skylda fyrirtækja og stofnana með 25 - 49 starfsmenn sem ekki öðlast jafnlaunavottun	Skylda fyrirtækja og stofnana með 25 - 49 starfsmenn sem ekki sækja um jafnlaunastaðfestingu
Ekki í boði fyrir fyrirtæki og stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri	Skylda fyrirtækja og stofnana með 50 starfsmenn eða fleiri
Jafnréttisstofa metur umsóknargögn með tilliti til þess hvort að þau uppfylli skilyrði laga	Faggiltur vottunaraðili metur hvort öll skilyrði jafnlaunastaðalsins hafi verið uppfyllt
Telji Jafnréttisstofa að umsóknargögn uppfylli skilyrði laganna er fyrirtækinu veitt jafnlaunastaðfesting	Faggiltur vottunaraðili veitir viðkomandi fyrirtæki eða stofnun jafnlaunavottun séu skilyrði staðalsins uppfyllt
Fyrirtæki sem hljóta jafnlaunastaðfestingu öðlast ekki heimild til þess að nota jafnlaunamerkið	Jafnréttisstofa veitir þeim vinnustöðum jafnlaunamerkið sem hlotið hafa faggilta vottun á jafnlaunastaðlinum
Jafnréttisstofa hefur heimild til að beita dagsektum því fyrirtæki / stofnun sem ekki öðlast jafnlaunastaðfestingu	Jafnréttisstofa hefur heimild til að beita dagsektum því fyrirtæki / stofnun sem ekki öðlast jafnlaunavottun
Jafnréttisstofa heldur skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem öðlast hafa staðfestingu og birtir á vef stofnunarinnar	Jafnréttisstofa heldur skrá yfir fyrirtæki og stofnanir sem öðlast hafa vottun og birtir á vef stofnunarinnar
Jafnlaunastaðfestingu skal endurnýja á þriggja ára fresti	Jafnlaunavottun skal endurnýjuð á þriggja ára fresti
Jafnréttisstofa annast eftirlit með jafnlaunastaðfestingu	Jafnréttisstofa annast eftirlit með jafnlaunavottun